



Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Kt. 640269-6779 - Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður - sími: 450-2500 - talknafjordur@talknafjordur.is

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26, 4 hæð
105 Reykjavík

Tálknafjörður, 12. janúar 2023

Efni: **Byggðakvóti Tálknafjarðar á fiskveiðiarinu 2022-2023.**


Á 605. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 10.01.2023 var tekið til afgreiðslu erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 12.12.2022 varðandi byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2022/2023 samkvæmt reglugerð nr. 1018/2022. Sveitarstjórn færði eftirfarandi til bókar vegna málsins:

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða að sótt verði um að settar verði sérreglur um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðar fiskveiðiárið 2022/2023. Í sérreglum verði í 4. gr. kveðið á um að 50/50-reglan verði látin gilda varðandi úthlutun veiðiheimilda, þ.e. að veiðireynsla gildi 50% en 50% skiptist jafnt á milli þeirra báta sem lönduðu sínum afla á Tálknafirði fiskveiðiárið 2021/2022. Í 6 gr. verði ákvæði um vinnsluskyldu fellt út í ljósi þess að engin fiskvinnsla er á Tálknafirði og jafnframt sett inn skilyrði um að afli sem telst til byggðakvóta Tálknafjarðar verði landað í Tálknafjarðarhöfn.

Engin hefðbundin fiskvinnsla er rekin á Tálknafirði. Því er full ástæða til að falla frá ákvæðum um vinnsluskyldu á þeim afla sem þar er landað sem byggðakvóta og þar með gefa útgerðaraðilum tækifæri til að fá sem best verð fyrir veiddan fisk. Slikt er líklegt til að efla í senn atvinnu- og mannlíf í byggðalaginu. Jafnframt byggir tillagan á því mati að mikilvægt sé fyrir atvinnulíf á Tálknafirði að sem flestir útgerðaraðilar fái tækifæri til að fá úthlutadan byggðakvóta og því er lagt til að veiðireynsla frá fyrra ári gildi 50% í úthlutun en 50% skiptist jafnt á þá aðila sem lönduðu í Tálknafjarðarhöfn á síðasta fiskveiðiári. Þá er mikilvægt að halda því til haga að tillagan útilokar ekki að útgerð sem landar í Tálknafjarðarhöfn geti gert vinnslusamning við vinnslur í nágrannasveitarfélögum Tálknafjarðarhrepps. Rétt er að benda á að fordæmi eru fyrir því að ráðuneytið hafi samþykkt sérreglur varðandi niðurfellingu vinnsluskyldu fyrir önnur byggðalög þar sem aðstæður eru sambærilegar því sem er á Tálknafirði. Þar með ætti að vera ljóst að slíkt hið sama er hægt að gera í reglum um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðar þar sem engin hefðbundin fiskvinnsla er rekin og full rök eru að baki slíku ákvæði. Þá vill sveitarstjórn benda á að niðurfelling vinnsluskyldu eykur líkur á því að allur byggðakvóti fiskveiðisins veiðist.

Þetta tilkynnist hér með og um leið sendist tillaga að sérreglum vegna byggðakvóta Tálknafjarðar 2022/2023 ásamt afriti af fundargerð 605. fundar sveitarstjórnar.

Virðingarfyllst,


Ólafur Þór Ólafsson
sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps



Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

Sveitarfélag:	Tálknafjarðarhreppur.
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Tálknafjörður.
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Samþykkt á 605. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 10.01.2023.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Í sérreglunum verði í 4. gr. kveðið á um að 50/50-reglan verði látin gilda varðandi úthlutun veiðiheimilda, þ.e. að veiðireynsla gildi 50% en 50% skiptist jafnt á milli þeirra báta sem lönduðu sínum afla á Tálknafirði fiskveiðiárið 2021/2022.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Tillagan byggir á því mati að mikilvægt sé fyrir atvinnulíf á Tálknafirði að sem flestir útgerðaraðilar fái tækifæri til að fá úthlutaðan byggðakvóta og því er lagt til að veiðireynsla frá fyrra ári gildi 50% í úthlutun en 50% skiptist jafnt á þá aðila sem lönduðu í Tálknafjarðarhöfn á síðasta fiskveiðiári.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Í 6 gr. verði ákvæði um vinnsluskyldu fellt út í ljósi þess að engin fiskvinnsla er á Tálknafirði og jafnframt sett inn skilyrði um að afli sem telst til byggðakvóta Tálknafjarðar verði landað í Tálknafjarðarhöfn.
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Engin hefðbundin fiskvinnsla er rekin á Tálknafirði. Því er full ástæða til að falla frá ákvæðum um vinnsluskyldu á þeim afla sem þar er landað sem byggðakvóta og þar með gefa útgerðaraðilum tækifæri til að fá sem best verð fyrir veiddan fisk. Slíkt er líklegt til að efla í senn atvinnu- og mannlíf í byggðalaginu. Rétt er að benda á að fordæmi eru fyrir því að ráðuneytið hafi samþykkt sérreglur varðandi niðurfellingu vinnsluskyldu fyrir önnur byggðalög þar sem aðstæður eru sambærilegar því sem er á Tálknafirði. Þar með ætti að vera ljóst að slíkt hið sama er hægt að gera í reglum um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðar þar sem engin hefðbundin fiskvinnsla er rekin og full rök eru að baki slíku ákvæði. Þá vill sveitarstjórn benda á að niðurfelling vinnsluskyldu eykur líkur á því að allur byggðakvóti fiskveiðiársins veiðist.
Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið mar@mar.is .	

